

20  
15. mars.

# Reglugjörð

## til bráðabirgða fyrir alþýðuskólann á Eiðum.

### I. Um markmið skólans og skipun.

#### 1. gr.

Það er markmið skólans, að veita nemendum þá almennu mentun, er verði þeim til þroska og gagns í lífinu, í hvaða stöðu sem er.

#### 2. gr.

Skólinn er samskóli í tveim deildum.

#### 3. gr.

Nemendur njóta heimavistar og er lagt til ókeypis: rúm með dýnum, ljós og hiti. Að öðru leyti kosta þeir sig sjálfir.

#### 4. gr.

Búnaðarnámsskeið skal haldið í sambandi við skólann 3—4 vikur haust og vor. — Ganga fastir nemendur skólans þar fyrir, ef þeir vilja, en svo utanskólamenn, eftir því sem rúm og ástæður leyfa.

#### 5. gr.

Halda skal fyrirlestraskeið fyrir almenning í viku, nær miðjum vetri, jafnskjótt sem húsrúm skólans leyfir.

### II. Um inntöku í skólann.

#### 6. gr.

Skrifleg beiðni um inntöku í skólann sje komin til skólustjóra fyrir miðjan júlí ár hvert. Skal þess getið jafnframt, hvort umsækjandi vill taka þátt í búnaðarnámsskeiði, áður en skólaárið byrjar. Skólustjóri úrskurðar um inntöku í skólann og lætur umsækjanda vita.

#### 7. gr.

Inntökuskilyrði eru þessi:

1. Að umsækjandi sje fullra 17 ára að aldri. Þó getur skólustjóri veitt undanþágu frá því, ef honum þykir ástæða til, og umsækjandi er ekki yngri en 16 ára.
2. Að hann sje ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða öðrum líkamskvilla, sem geti orðið hinum nemendunum skaðvænn.
3. Að siðferði hans sje óspilt.
4. Að hann hafi hlotið mentun þá, sem heimtað til fullnaðarprófs í lögum 22. nóv. 1907, um fræðslu barna.

Vottorð um þessi atriði, frá presti um aldur og siðferði og lækni um heilbrigði, fylgi 20 umsókninni, ennfremur yfirlýsing frá manni, er skólastjóri tekur gildan, um það, að haun 15. mars. gangi í ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum umsækjanda við skólann.

### III. Um ken sluna.

#### 8. gr.

Kenslugreinar skulu vera þessar: Íslenska, saga, stærðfræði, náttúrufræði, náttúru-saga, landafræði, fjelagsfræði, bókhald, teiknun, handavinna, leikfimi og söngur. Ennfremur geta nemendur átt kost á tilsögn í ensku og dönsku. Ken slan fer að einhverju leyti fram í fyrirlestrum.

#### 9. gr.

Kenslumáladeild stjórnarráðsins setur síðar reglur um það, hvaða takmarki ken slunni sje ætlað að ná í hverri námsgrein.

#### 10. gr.

Við búnaðarnámskeiðið skal veitt bókleg og verkleg tilsögn, piltum í jarðrækt og stúlk-um í heimilisiðnaði, svo sem vefnaði og annari tövinnu.

### IV. Um próf.

#### 11. gr.

Halda skal burtfararpróf í lok hvers skólaárs (sbr. 18. gr.) fyrir þá, er ljúka námi við skólann, og árspróf fyrir yngri deild.

#### 12. gr.

Prófað sje í hverri námsgrein, nema hvað teiknimyndir, smíðisgripir og hannyrðir nemanda leggjast til grundvallar þegar dæmt er um teiknun og handavinnu.

#### 13. gr.

Próf í íslensku og stærðfræði sje bæði munnlegt og skriflegt, í bókhaldi að eins skrif-legt, en munnlegt í öðrum námsgreinum.

#### 14. gr.

Kennarar skólans prófa, en stjórnarráðið skipar prófdómendur, til þess að dæma með þeim um frammistöðu nemenda. Þeir velja einnig verkefni til prófsins í samráði við hlutað-eigandi kennara.

#### 15. gr.

Eina einkunn skal gefa í hverri námsgrein, nema í íslensku tvær, fyrir munnlega og skriflega íslensku. Í söng og leikfimi er engin einkunn gefin. Sjereinkunnir eru gefnar fyrir kunnáttu í ensku og dönsku og — ef óskað er — í jarðrækt og heimilisiðnaði.

20

16. gr.

15. mars Einkunnirnar eru þessar: ágætlega = 6, dável = 5, vel = 4, laklega = 3, illa = 2 og afarilla = 1. Einnig má gefa brotin  $\frac{1}{3}$  og  $\frac{1}{2}$ , sem liggja milli þessara talna. Aðaleinkunn er tölun í stigum, og eru reiknuð 8 stig fyrir einkunnina ágætlega, 7 fyrir dável, 5 fyrir vel, 1 fyrir laklega,  $\div$  7 fyrir illa og  $\div$  23 fyrir afarilla. Taka skal tillit til brotanna við útreikning stigafjöldans, að rjettri tiltölu.

17. gr.

Nemandi þarf að fá 35 stig að minsta kosti, til þess að standast prófið. Hann má ekki fá minna en vel  $\div$  í íslensku og ekki 1 í ueinni námsgrein.

#### V. Um kenslutíma og leyfi.

18. gr.

Skólaárið byrjar 20. október og endar 10. maí.

19. gr.

Búnaðarnámsskeið að hausti stendur yfir 29. september til 19. október, en að vori 20. maí til 16. júní.

20. gr.

Í hverri viku skulu ekki vera færri en 30 kenslustundir í hvorri deild. Hver kenslustund sje 50 mínútur, en bil milli kenslustunda 10 mínútur.

21. gr.

Skólastjóri semur stundaskrá í samráði við kennarana.

22. gr.

Þessi leyfi eru lögboðin:

Jólaleyfi 23. desember til 2. janúar.

Páskaleyfi frá skírdegi til 3. í páskum.

Ennfremur getur skólastjóri gefið leyfi á sumardaginn fyrsta og látið kenslu falla niður 1 dag í mánuði, ef hann vill.

23. gr.

Skólastjóri sjer um reglu og aga í skólanum með styrk kennaranna.

**Dóms- og kirkjumáladeildin, 15. mars 1919.**

**Jón Magnússon.**

*Björn Þórðarson*  
settur.